



Reykjavík, 30. september 2024

MSS24060032

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Velferðarráð

Efni: Umsögn velferðarráðs um tillögur og ábendingar starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa

Á fundi borgarráðs þann 13. júní 2024 var tillögum og ábendingum starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa vísað til umsagnar velferðarráðs.

Umsögn:

Velferðarráð þakkar fyrir framkomnar tillögur í skýrslu um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa. Skýrslan er unnin í samráði starfsmanna sviða.

Lagt er til í að í hverju hverfi myndi tilteknir opnir og almennir þjónustubættir/starfsemi hverfiskjarna félags- og menningarstarfs og taki frekari uppbygging mið af þeim. Velferðarráð telur jákvætt að þjónusta dreifist líka í hverfunum og til að mynda í bókasafn eða samfélagshús í nálægð við búsetuurræði eða skóla og því þarf að skoða þetta markmið betur. Hópurinn skilgreindi 15 slíka kjarna og lagði fram greinargott yfirlitskort yfir starfsemina og framangreinda tillögu, m.a. á gagnvirku stafrænu formi sem er mjög flott og sýnir einmitt hve dreifingin er góð í hverfum borgarinnar.

Önnur megingtillagan snýr að því að í fimm félagsmiðstöðvum, sem nú eru reknar í húsnæði þjónustuíbúðakjarna borgarinnar, verði þróaðar dagdvalir til að mæta frekar þörfum íbúa þar. Velferðarráð óskar eftir að þeirri tillögu verði vísað til stýrihóps um stefnu í málefnum eldra fólks.

Velferðarráð leggur áherslu á að allar tillögur þær sem settar eru fram í skýrslunni og ábendingar verði teknar til skoðunar í vinnu stýrihóps við mótun stefnu í málefnum eldra fólks. Þær sem snúi sérstaklega að almenningssamgöngum verði sendar til umsagnar Strætó bs.



Reykjavík